


# Uppbygging texta

Rituðum textum má skipta í minni einingar, þ.e. **inngang, meginmál og niðurlag**, sem allir ættu að þekkja.

Textum má hins vegar skipta í enn minni einingar, þ.e. **setningar, málsgreinar og efnisgreinar**.



# Hvað er setning?

**Setning** er orðasamband sem felur í sér umsögn.

**Dæmi:**

- Gamla konan **klappaði** kettinum.
- Gamla konan **hefur klappað** kettinum.

# Hvað er málsgrein?

**Málsgrein** er ein eða fleiri setningar, hefst á stórum staf og endar á punkti, spurningarmerki eða upphrópunarmerki.

## Dæmi:

- Hildur **fór** í bíó í gær (ein setning og ein málsgrein).
- Hildur **fór** í bíó í gær / af því að hana **langaði** til að sjá nýju Batmanmyndina / sem **er** ein af bestu myndum sumarsins (þrjár setningar en ein málsgrein).

# Hvað er efnisgrein?

**Efnisgrein** inniheldur nokkrar málsgreinar sem fjalla um eina meginhugmynd. Efnisgreinar eru mislangar.

- Efnisgreinar eru afmarkaðar með greinaskilum og oftast er inndregin lína í upphafi hverrar efnisgreinar.

# Bygging efnisgreina

## Inngangur – meginmál - niðurstaða

Efnisgreinar byrja oftast á fullyrðingu en stundum spurningu sem heldur utan um viðfangsefni hennar.

Þetta kallast **inngangur** eða **lykilsetning**. Dæmi:

*Á vorin streyma nemendur að jafnaði út í atvinnulífið en núna gekk þeim ekki vel að afla sér sumarvinnu.*

Svo er komið að **meginmáli** þar sem fjallað er um efni lykilsetningarinnar, færð rök fyrir fullyrðingunni. D: *Útskýra eða velta fyrir sér ástæðunni fyrir því að nemendur fá ekki vinnu.*

Í lokin er meginmál efnisgreinarinnar sett saman í **niðurstöðu** eða lokaorð. D. *Það er atvinnuleysi.*

# Smækkuð mynd af ritsmið

Efnisgrein er því nauðalík í uppbyggingu og ritgerð með *inngangi*, *meginmáli* og *lokaorðum*. Hún er n.k. örútgáfa af ritgerð. **Dæmi:**

Mér líst ágætlega á mig hér í Gnúpasókn. Fólkið hér á Hömrum er mér mjög gott. Þorsteinn, faðir bóndans, er ágætur silfursmiður og hefur kennt mér sitt af hverju. Svo hef ég líka kynnst indælli stúlku á næsta bæ. Ég gæti því alveg hugsað mér að setjast hér að til frambúðar.